

Blönduósbær - Húnabyggð  
Hnjúkabyggð 33  
540 Blönduósi

Selfoss, 05.02.2025  
Málsnúmer: UOS2501369

## Blönduós, Draugagil - ID 38

**Efni:** Fyrirmæli um frágang og vöktun aflagðra urðunarstaða

Umhverfis- og orkustofnun vill vekja athygli á að í Blönduósbæ, Draugagili er einn aflagður urðunarstaður með þinglýst fyrirmæli um frágang og vöktun urðunarstaðarins.

Fyrirmæli um frágang og vöktun aflagðra urðunarstaða eru gefin út í samræmi við 61. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Samkvæmt framangreindri grein laganna ber rekstraraðili ábyrgð á viðhaldi urðunarstaðarins, vöktun og greiningu á hauggasi og sigvatni sem berst frá urðunarstaðnum, eftir því sem nánar greinir í starfsleyfi (þ.e. fyrirmælum), svo lengi sem telja má að mengunarhætta stafi af urðunarstaðnum, að jafnaði í 30 ár frá lokun hans.

Rekstraraðilum aflagðra urðunarstaða ber að skila niðurstöðum skráninga og mælinga til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 55/2003.

Umhverfis- og orkustofnun hefur skv. 66. gr. laga nr. 55/2003 heimild til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögunum. Stofnunin getur meðal annars veitt áminningu, ákveðið aðilum dagsektir sem og látið vinna verk á kostnað hins vinnuskylda. Sömuleiðis hefur stofnunin heimild skv. 67. gr. a., til álagningar dagsektu vegna ákveðinna brota, m.a. ákvæðum um lokun urðunarstaðar, sbr. 61. gr.

**Fyrirmæli um frágang og vöktun urðunarstaðar Blönduósbæjar í Draugagili tók gildi þann 9. júlí 2014. Fullnægjandi gögn varðandi urðunarstaðinn, sbr. gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun og 19. gr. laga nr. 55/2003, hafa ekki enn borist frá sveitafélaginu vegna áranna 2022 og 2023.**

**Umhverfis- og orkustofnun óskar í þessu sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 5. mars 2025.**

Virðingafyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir  
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur